

Gísli Jónsson Eyland (1886-1972), skipstjóri og Jenny Nielsen Eyland (1896-1947)

Afhending 2020/62

Gísli Jónsson Eyland fæddist 27. júní 1886 í Svefneyjum á Breiðafirði og lést 27. ágúst 1972 á Akureyri.

Faðir hans hét Jón Bjarnason f. 15. apríl 1864, d. 13. mars 1911, bóndi og sjómaður. Móðir hans hét Þórdís Teitsdóttir f. 25. maí 1864, d. 2. nóvember 1924.

Gísli fór að róa á opnum bátum með föður sínum innan við 10 ára gamall en eftir fermingu var hann háseti á ýmsum bátum og kúttum. Árið 1908 tók hann minna stýrimannspróf og stýrimannspróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og við tók tímabil þar sem hann var ýmist stýrimaður eða háseti á skipum. Gísli varð skipstjóri á skonortunni Muninn frá Reykjavík 1917 og gegndi því starfi til 1923. Næst sinnti hann starfi hjá Kveldúlfi hf sem lestarstjóri og leiðsögumaður á skipum.

Árin 1935-1943 var Gísli skipstjóri á es. Snæfelli frá Akureyri og að lokum var hann skipstjóri á Hvassafelli þar til hann lét af störfum vegna aldurs 1947. Eigi að síður sinnti Gísli ýmsum störfum hjá KEA á Akureyri og fór sem lestarstjóri og leiðsögumaður með erlendum leiguskipum Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Gísli var einn af stofnendum Skipstjóraráfélags Íslands 16. apríl 1936 og sagði sig úr því 12. september 1944.

Hann hlaut heiðursmerki sjómannadagsins á Akureyri 1963.

Gísli var tvíkvæntur. Fyrri kona hans hét Jenny Maria Juul Nielsen f. 25. ágúst 1896 í Kaupmannahöfn og d. 22. nóvember 1947. Seinna kona hans hét Ásdís Eva Jónsdóttir f. 7. ágúst 1911 í Torfufelli í Saurbæjarhreppi Eyjafirði, d. 5. október 1960. Gísli átti 6 börn með Jenny og eina dóttur með Ásdísi.

Afhendingin barst frá Dórótheu Júlíu Eyland, tengdadóttur Gísla og Jennyjar. Ekki hafa borist aðrar afhendingar frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

31. mars 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2020 / 62

A-Gísli Eyland og Jenny Nielsen Eyland

A-Gísli Eyland og Jenny Nielsen Eyland

1879 - 1994

A	1	1	1920 - 1923	Sjóðsbók og launabókhald fyrir skonnortuna „Huginn“.
A	1	2	1928 - 1934	Vinnutímabók.
A	1	3	1931 - 1933	Laus blöð þar sem skráð er lestun og útskipun af nokkrum skipum; kvittun fyrir uppskurði og spítaladvöl; lyfseðill við sveppasýkingu í auga.
A	1	4	1917 - 1920	Kvittanir frá danska stýrimannafélaginu (Dansk styrmandsforening); rukkunarbréf fyrir útistandandi skuld frá sömu aðilum; lög og reglur danska stýrimannafélagsins; meðlimakort Gísla Eyland í danska stýrimannafélaginu.
A	1	5	1919 - 1928	Sjóðsbók og launabókhald fyrir skonnortuna „Muninn“ 1919-1922. Inn á milli sjóðsbókarinnar/launabókhaldsins og aftast er persónulegt bókhald Gísla, listi yfir hvað er „uppgengið til Skattanefndar“; byggingarútgjöld, skuldir Gísla við móður hans listaðar o.fl.
A	1	6	1921 - 1928	Nafnspjöld frá erlendum kaupmönnum; auglýsing frá bókaverslun Ársæls Árnasonar; tómt bréfefni frá G. Eiríkss. heildsala; tvö tóm símskeyti frá Landssíma Íslands; Draumaskráning 10.4. og 17.4 1921; ljóð „ort en aldrei sent“; útreikningar um úttekt hjá Árna og Völundi, Guðna greitt og útreikningar af vöxtum; afrit af veðskuldabréfi, Runólfur Einarsson og Runólfur Runólfsson skulda Gísla Eyland 3000 kr; nóta; bréf frá Magnúsi Jóns/Jónassyni til móður sinnar ágúst 1920; teikning af húsi ónefnt og óárss; þrjú blöð þar sem skráð er útskipun og lestun á nokkrum skipum 1928; kvittun skrifuð á skipstjóra skonnortunar „Muninn“; uppkast að bréfi á ensku; bréf til Gísla Eyland frá G.K. Bárðarsyni 17.3.1927.
A	1	7	1948 - 1948	Dagbók 21. ágúst - 28. september sama ár, ekkert skrifað 19.-21. september.
A	1	8	1946 - 1947	Skrá yfir fargjöld og fæði.
A	1	9	1950 - 1964	Afrit af skuldabréfi Ágústar Jónssonar sem skuldar þeim feðgum Gísla Eyland og Gísla Juul Eyland; afrit af kaupsamningi þar sem Ágúst Jónsson kaupir jörðina Svalbarð í Kirkjuhvammshreppi af Kristni Jónssyni; yfirlit yfir afborganir Ágústar Jónssonar af skuldum sínum við þá feðga Gísla Juul Eyland og Gísla Eyland.
A	1	10	1924 - 1924	„Minnisbók skr. Veiðibjallan“
A	1	11	1908 - 1909	Ferðasaga „Helstu ágríp af ferðasögu minni til Grímsby. Ferðin byrjaði frá Hafnarfirði“.
A	1	12	1925 - 1928	Vinnutímaskráning og útreikningar á kaupum.
A	1	13	1925 - 1927	Reikningar fyrir vörukaupum; útreikningar á launum.
A	1	14	1909 - 1912	Stíll „svona gengur það.“; dagbók; saga „Bónorðið“;
A	1	15	-	Stíll á dönsku „En Erindring.“; stíll á íslensku „Molbúarnir“.
A	1	16	1910 - 1910	Stíll á ensku; dagbók frá apríl - júlí 1910.
A	1	17	-	Danskir stílar; uppskrift á dönsku aftast í bókinni, sódakaka.
A	1	18	-	Íslenskir og enskir stílar.
A	1	19	1946 - 1946	Dagbók, 11. - 25. júlí 1946.
A	1	20	1934 - 1934	Dagbók.

**Gísli Eyland (1886-1972), skipstjóri og Jenny Nielsen
Eyland (1896-1947)**

2020 / 62

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	1	21	1933 - 1934	Dagbók.
A	1	22	1933 - 1933	Dagbók.
A	1	23	1932 - 1933	Dagbók.
A	1	24	1932 - 1955	Dagbók og skráðir veikindadagar.
A	1	25	1930 - 1931	Dagbók.
A	1	26	1928 - 1929	Dagbók.
A	1	27	1927 - 1928	Dagbók.
A	1	28	1926 - 1927	Dagbók.
A	1	29	1925 - 1927	Dagbók.
A	1	30	1925 - 1932	Dagbók.
A	1	31	1915 - 1916	Uppgjörsbók.
A	1	32	-	"Keld", saga eftir Carif Ellan. Gísli Jónsson þýddi.
A	1	33	1909 - 1910	"Keld", saga eftir Carif Ellan. Gísli Jónsson þýddi veturinn 1909-1910.
A	1	34	1914 - 1915	Viðskiptabók.
A	1	35	1944 - 1946	Vegabréf Gísla Eyland.
A	1	36	1918 - 1945	Kvittun fyrir sölu á þorski; tvö bréf frá Richard (óskýrt eftirnafn) til Gísla Eyland, skrifuð 6. apríl og 2. apríl 1918.
A	2	1	1947 - 1947	Nafnalistar, með yfirliti yfir peningaúttekt og launum hjá hverjum einstaklingi á listunum.
A	2	2	1940 - 1962	Kvittun fyrir seldum fisk af Ms. Snæfelli; grein: „Enskir sjóræningjar og ísl. kvistlingar"; innkaupalisti með verði; úr „Fréttir frá Íslandi til ársloka 1940"; Fréttir frá Íslandi VIII til janúarloka 1942; Fréttir frá Íslandi VI til 14. september 1941; Fréttir frá Íslandi VII til 18. nóvember 1941.
A	2	3	1917 - 1918	Dagbók frá 1.8.1917 til 14.5.1918.
A	2	4	1916 - 1917	Dagbók frá 9.11.1916 til 22.6.1917. Einnig er í bókinni einhverskonar bókhald.
A	2	5	1924 - 1935	Launabókhald.
A	3	1	1879 - 1928	Tveir peningar, einn 2 aura danskur peningur og einn spænskur peningur.
A	3	2	-	Stimpill.
A	3	3	-	Tvær myndir, komu úr umslaginu sem er geymt í sömu örk. Önnur myndin er af tveimur stúlkum, önnur með íslenska fánann, og hin myndin er af tveimur mönnum.
A	3	4	1917 - 1940	Vinnugögn: uppsagnarbréf; geymsluplön af skipi; bréf frá bæjarstjóra Reykjavíkur; listi yfir birgðir um borð í d/s Snæfelli, nafnspjöld, bréf á dönsku frá fyrirtæki til Gísla Eyland.
A	3	5	1918 - 1918	Vegabréf/ferðaleyfi Gísla Eyland.
A	3	6	1920 - 1959	Jólaort; nýársort; þakkarkort; afmæliskort.
A	3	7	1929 - 1947	Sálmaskrá Jennyjar Nielsen Eyland; ljósrit úr sænsku dagblaði (Göteborgs-Tidningen) frá 1941 þar sem gert er grín að íslenska ástandinu; mynd af merkjafánum; tveir lyfseðlar.

**Gísli Eyland (1886-1972), skipstjóri og Jenny Nielsen
Eyland (1896-1947**

2020 / 62

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	3	8	1952 - 1952	Yfirlýsingar um að nota ekki Eyland sem ættarnafn frá nokkrum í fjölskyldunni og bréf þess að lútandi frá hæstaréttarlögmanni.
A	3	9	1921 - 1960	Bréf og símskeyti.
A	3	10	1913 - 1915	Minnisbók/dagbók.
A	3	11	1916 - 1916	Minnisbók/dagbók.
A	3	12	-	Minnisbók.
A	4	1	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	2	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	3	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	4	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	5	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	6	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	7	-	Ljósmyndir af fólki tekið á ljósmyndastofu.
A	4	8	-	Ljósmyndir af fólki og skipum, flestar myndirnar teknar úti við.
A	4	9	1918 - 1931	Tvö póstkort til Jennyjar Nielsen Eyland.
A	5	1	-	Ljósmyndir af fólki.
A	5	2	1922 - 1922	Skipshafnarskrá.
A	5	3	1994 - 1994	"Öldurót," gefið út af Sjómannadagsráði Akureyrar á sjómannadaginn 1994, þar er grein sem fjallar um minningar úr ferð sem farin var til að sækja Ms. Hvassafell sumarið 1946 en Gísli Eyland var í þeirri ferð.
A	5	4	1947 - 1947	Gjöf til minningar um Jenny Nielsen Eyland; minningarljóð um Jenny Nielsen Eyland.
A	5	5	1920 - 1920	Samningur milli Sjómannafélags Reykjavíkur og h/f Kveldúlfs
A	5	6	1928 - 1928	Ferming Harald og Gerdu Dalby, 14. október 1928.
A	5	7	1945 - 1946	Skrár fyrir útskipun á vörum af ýmsum skipum.
A	5	8	1916 - 1916	Heimild til að taka upp ættarnafnið Eyland.
A	5	9	1908 - 1908	Prófskríteini f. minna stýrimannapróf 14. apríl 1908; prófskríteini f. stærra stýrimannapróf 15. maí 1908.
A	5	10	1944 - 1944	Skeyti til Gísla og Jennyjar Eyland í tilefni af silfurbrúðkaupinu þeirra.
A	5	11	1919 - 1919	Brúðkaupskort og símskeyti til Gísla og Jennyjar Eyland.
A	6	1	1940 - 1941	Rannsóknarskýrslur fyrir S/S Snæfell.
A	6	2	1938 - 1944	Ferðalistar S/S Snæfells.
A	6	3	1952 - 1952	Eitt bréf til Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns frá Gísla Eyland.
A	6	4	1940 - 1941	Matar- og vörukvittanir fyrir S/S Snæfell.
A	6	5	1935 - 1942	Útdrættir úr leiðarbók S/S Snæfells 1935-1940; bréf til Gísla sem skipstjóra S/S Snæfells frá Vilhjálmi Finsen varðandi farbann S/S Snæfells vegna stríðsins, 1940; bréf frá Gísla til Vilhjálms Finsen um sama mál 1940, 1941 og 1942; bréf til útgerðarfélagssins KEA 1940 frá Gísla Eyland; fleiri gögn varðandi S/S Snæfell, óárss.

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	6	6	1938 - 1939	Leiðarbók fyrir S/S Snæfell.